



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Grænbók um samgöngumál.

Samráð hófst

6. júlí 2021

Samráð lauk

10. ágúst 2021

Fjöldi umsagna

15

Umsagnaraðilar

Alls bárust 15 umsagnir. 5 frá sveitarfélögum eða samtökum þeirra, 8 komu frá hagsmunasamtökum, ein frá opinberu fyrirtæki og ein frá einstaklingi.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Grænbók um samgöngumál var birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins til umsagnar í byrjun júlí 2021 og lá frammi í fimm vikur. Tilgangur hennar er að hvetja til umræðu um stöðumat, viðfangsefni og framtíðarsýn ásamt áherslum og leiðum til að ná því fram. Framlagning í samráðsgáttina var síðasti liður samráðsferlis Grænbókar um samgöngumál. Samráðsferlinu í heild er gerð betri skil í Grænbókinni sjálfri.

Umsagnirnar voru almennt jákvæðar um efni Grænbókarinnar, þá framtíðarsýn sem þar er lögð fram, áherslur og lykilviðfangsefni. Umsagnirnar voru flestar efnismiklar og komu inn á margar greinar samgangna og áherslumál þeim tengdum.

Ef rýnt er í þau álitaefni sem umsagnir snerta á er ljóst að margar þær ábendingar sem þar koma fram tengjast fremur næsta fasa stefnumótunarferilsins, Hvítbókinni. Þar mun hin eiginlega stefnumótun fara fram og leiðir til að takast á við lykilviðfangsefni málaflokksins mótaðar. Litið verður betur til þeirra í næsta skrefi stefnumótunarinnar, vinnslu Hvítbókar. Hluti þeirra ábendinga sem snúa að efnistökm Grænbókarinnar sjálfar verður ekki mætt að þessu sinni en litið verður til þeirra við gerð næstu Grænbókar.

Byggt á þeim ábendingum sem bárust hefur verið lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á umfjöllun Grænbókarinnar:

- Í kafla 3.2.1 var framsetning tölfræði um fjölda látinna í samgöngum samræmd milli samgöngugreina.

- Í kafla 3.2.3 um þjónustu á vegum er orðalagi í umfjöllun um þjónustu á malarvegum breytt.
- Umfjöllun í kafla 3.5.5 um staðbundin umhverfisáhrif frá samgöngum verður breytt í ljósi athugasemda.
- Í yfirliti yfir stöðu aðgerða samgönguáætlunar 2020-2024 í kafla 6, verður stöðu aðgerðar 8 undir markmiði um umhverfislega sjálfbærar samgöngur breytt.

Þá mun Vegagerðin birta lista yfir þær 200 nýframkvæmdir sem stofnunin telur nauðsynlegt að framkvæma á næsta aldarfjórðungi, sem vitnað er í í kafla 3.2.2 um þjóðvegi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í samráðsferli Grænbókarinnar hvort sem það var með skýrsluskrifum, þátttöku í opnum fundum eða með umsögn í Samráðsgáttinni. Þær upplýsingar sem hafa safnast saman í ferlinu veita mikilvæga innsýn í samgöngumál hér á landi.

Að loknu samráði

Næstu skref í stefnumótunarferlinu þegar Grænbókin liggur fyrir er að hefja mótun stefnu, Hvítbókar. Verður þar unnið í samræmi við hinn svokallaða Sporbaug stefnumótunar.



Vinnan mun fara fram á vettvangi samgönguráðs og í samráði og samvinnu við hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir því að í Hvítbókinni verði lagður grunnur að samgönguáætlun og að hún verði lögð fram á Alþingi á haustþingi 2022.